

Reykjavík, 27. ágúst 2007

Siðanefnd Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) hefur tekið til meðferðar kæru frá Öryrkjabandalagi Íslands á auglýsingaherferð Himins og hafs fyrir Öryggismiðstöðina, dags. 21. maí 2007. Kæran tilgreinir ætluð brot á siðareglum SÍA með auglýsingum sem birtust m.a. í hljóðvarpi, sjónvarpi og dagblöðum þar sem markmiðið er að kynna öryggisþjónustu og búnað sem stuðla á að öryggi heimila.

Kærandi kærir auglýsingaherferðina sem hann telur brjóta í bága við siðareglur SÍA; 1. grein (um að auglýsingar skuli ekki innihalda boðskap, í orðum eða myndum, sem brýtur gegn almenntri velsæmiskennd) og 1. tölulið 3. grein (um að auglýsingar skuli ekki að ástæðulausu höfða til ótta fólks).

Fyrir hönd auglýsingastofunnar Himins og hafs ehf. hefur því verið haldið fram að Öryrkjabandalag Íslands eigi ekki aðild að málinu. Í 3. gr. starfsreglna nefndarinnar er tekið fram að hver sem er geti kært til Siðanefndar SÍA. Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir eru talin upp í dæmaskyni en telja verður að það sé ekki tæmandi upptalning og því eigi Öryrkjabandalag Íslands kærurétt.

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

Varðandi fyrri lið kæru, sem snýr að 1. grein siðareglna SÍA (um velsæmi):

Siðanefnd ályktar að auglýsingar sem Lalli Johns kemur fram í brjóti gegn almenntu velsæmi. Meirihluti nefndarinnar telur að með því að nýta Lalla í þessum tilgangi sé verið að notfæra sér bágindi einstakrar persónu og því sé brotið gegn 1. grein siðareglna SÍA. Atkvæði nefndarinnar féllu þannig að 3 töldu að auglýsingarnar færu gegn þessum lið og 2 voru á móti.

Varðandi seinni lið kæru, sem snýr að 1. tölulið 3. grein (um ástæðulausan ótta):

Í einni af auglýsingum herferðarinnar birtist mynd af Lalli Johns án nánari skýringa í texta. Eina sem kemur fram er setningin: „Hver vaktar þitt heimili?“ og vísað í símanúmer Öryggismiðstöðvarinnar neðanmáls. Með þessu er verið að gefa í skyn að Lalli Johns muni brjótast inn. Vissulega er hættu á innbrotum og ástæða til að óttast innbrot en auglýsingin er um Lalla en ekki nafnlausan innbrotspjóf og hættuna á innbroti almennt. Ástæðulaust er að ógna almenningi með persónu Lalla með þessum hætti enda frekari ástæða til þess að óttast innbrot og glæpi almennt en Lalla Johns sem slíkan. Atkvæði nefndarinnar féllu þannig að 4 töldu að auglýsingarnar færu gegn þessum lið og 1 var á móti. Nefndin telur að í auglýsingunni birtist Lalli Johns sem hann sjálfur en ekki sem fulltrúi stærri hóps. Siðanefnd ályktar því að blaðaauglýsing með Lalla Johns ein og sér brjóti gegn 1. tölulið 3. greinar Siðareglna SÍA.

Er þeim tilmælum beint til Himins og hafs og Öryggismiðstöðvarinnar að stöðva allar birtingar auglýsinga með Lalla Johns.

Reykjavík, 27. ágúst 2007.

Fyrir hönd Siðanefndar SÍA,

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, starfandi formaður Siðanefndar SÍA.

Afrit sent:

- Þorsteini Einarssyni, hrl., lögmanni Himins og hafs og Öryggismiðstöðvar Íslands hf.
- Daníel Isebarn Ágústssyni hdl., lögmanni Öryrkjabandalags Íslands
- Aðalsteini Eiríkssyni, framkvæmdastjóra Himins og hafs
- Ragnari Þór Jónssyni, framkvæmdastjóra Öryggismiðstöðvarinnar
- Sigursteini R. Mássyni, formanni Öryrkjabandalags Íslands

Í Siðanefnd SÍA eiga sæti:

- Jóhannes Gunnarsson (formaður) Neytendasamtökin (Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur sat fundi Siðanefndar í ofangreindu máli í fjarveru Jóhannesar.)
- Anna Sigríður Guðmundsdóttir (Fítón auglýsingastofa) SÍA
- Valgeir Magnússon (Pipar auglýsingastofa) SÍA (Ragnheiður Sigurðardóttir (H.N markaðssamskipti sat fundi Siðanefndar í ofangreindu máli í fjarveru Valgeirs)
- Haraldur Ingi Birgisson (lögfræðingur) Viðskiptaráð Íslands
- Páll Líndal, SAU - Samtök auglýsenda

Ritari Siðanefndar: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, fulltrúi SÍA.

Siðareglur SÍA er að finna á vefsvæði SÍA, www.sia.is